

Hrafnista Víðinesi

Ársskýrsla 2008

Forstöðumaður

Borghildur Ragnarsdóttir

Hjúkrunardeildarstjóri 1. hæð

Steinunn Agnarsdóttir

Hjúkrunardeildarstjóri 2. hæð

Kristjana Arnardóttir

Læknir

Gríma Blængsdóttir

Sjúkraþjálfari

Inga Margrét Róbertsdóttir

Starfsmaður í iðju/virkni

Kristrún Gestsdóttir sjúkraliði

Listmeðferðarfræðingur

Fjóla Edvarðsdóttir

Djákni

Fjóla Haraldsdóttir

Stöðugildi í Víðinesi eru:

Hjúkrunarfræðingar

5 hjúkrunarfræðingar (forstöðumaður innifalinn) í 4,3 stöðugildum.

Sjúkraliðar með framhaldsnám í öldrunrhjúkrun

3 sjúkraliðar í 2,7 stöðugildum

Sjúkraliðar

8 sjúkraliðar í 5,8 stöðugildum

Starfsmenn við aðhlyningu

30 starfsmenn við aðhlyningu (þar af tveir karlmenn) í 16,95 stöðugildum.

Læknir

0,25 stöðugildi.

Sjúkraþjálfari

0,4 stöðugildi

Starfsmaður í iðjuþjálfun

Sjúkraliði í 0,55 stöðugildi

Listmeðferðarfræðingur

0,10 stöðugildi

Félagsráðgjafi

0,046 stöðugildi

Djákni

0,05 stöðugildi.

Eldhús

2 stöðugildi

Þvottahús

1,2 stöðugildi

Húsvörður

0,5 stöðugildi

Þrif

1,2 stöðugildi

Skrifstofa

Skrifstofuvinna þ.a.m. launamál starfsmanna er aðkeypt frá Hrafnistu.

(Miðað er við stöðu mála 1. desember 2008)

Breytingar í starfsmannahaldi

Nýr hjúkrunardeildarstjóri, Steinunn Agnarsdóttir, var ráðin til starfa á 1. hæðina frá 1. janúar 2008. Steinunn hefur starfað sem hjúkrunarfræðingur í Víðinesi frá miðju árinu 2000, ennfremur áður sem hjúkrunarfræðingur á Hrafnistu í Reykjavík.

Frá 1. ágúst tók sjúkrþjálfari til starfa í 0,4 stöðugildi.

Félagsráðgjafi Hrafnistuheimilanna kemur einu sinni í mánuði í Víðines.

Djækni heimækir heimilið vikulega 2 tíma í senn í stað tvisvar í mánuði áður.

Frá 1. október hætti fyrirtækið Hreint að sjá um þrífing í Víðinesi og eru nú 1,2 stöðugildi í þrífum hér.

Frá 1. nóvember var aukið við stöðugildi sjúkraliða í virkni úr 0,5 í 0,55 stöðugildi.

Þann 1. desember létu af störfum í Víðinesi, eftir um 17 ára starf, Dagný Jóhannsdóttir starfsmaður í þvottahúsi og maður hennar Jóhann Hákonarson húsvörður, var þeim haldið kveðjukaffi og færðar góðar gjafir og þakklæti fyrir samstarfið.

Á árinu var húsvarðarstarf minnkað úr einu niður í hálf stöðugildi.

Áður var einungis fatnaður heimilismanna ásamt starfsmannafatnaði þvegin í þvottahúsi Víðiness. Áveðið var að þvo allan þvott hér í Víðinesi og frá 1. nóvember hefur allur þvottur verið þvegin í þvottahúsi Víðiness og voru 1,2 stöðugildi í þvottahúsinu frá þeim tíma og út árið 2008, (frá 1. jan 2009 aukið í 1,4 stöðugildi).

Starfsemin á árinu

Starfsemin á árinu var með hefðbundnum hætti.

Þorablót var haldið í febrúar og heimsóttu okkur hljómsveitin Vinabandið frá Gerðubergi, en Vinabandið hefur heimsótt Víðines reglulega frá upphafi.

Heilsudagar voru tvær fyrstu vikurnar í apríl með hollu mataræði frá eldhúsi Hrafnistu ásamt aukinni hreyfingu starfsmanna undir stjórn Gunnar Róbertsdóttur sjúkrþjálfara.

Dagur aldrafra var haldin hátíðlega á uppstigningardag þann 1. maí undir stjórn Fjólu Haraldsdóttur djákna.

Sumarið kom snemma, alltaf kærkomið, enda oft einmuna blíða hér í Víðinesi og fallett útsýni.

Töðugjöld voru haldin hátíðleg á Vífilsstöðum í boði Hrafnistu og tóku nokkrir starfsmenn héðan þátt í þeirri gleði.

Starfsmenn Víðiness fjölmenntu á Hrafnistuhátíðina þann 4. október sem haldin var að Gullhömrum í Grafarholti að venju.

Haustfagnaður heimilismanna var að venju haldin í október og spilaði Vinabandið þar undir dansi.

Stjórn Sjómannadagsráðs hélt stjórnarfund í Víðinesi þann 21. október.

Í kjölfar bankahrunsins stóðu Árdís fræðslustjóri og Hrund félagsráðgjafi fyrir "leik" í nóvember sem allir starfsmenn Hrafnistuheimilanna tóku þátt í og heppnaðist einstaklega vel og lauk með uppskeruhátíð og afhendingu verðlauna.

18. nóvember var haldinn hátíðlegur og starfsfólki boðið upp á kaffi og tertu í tilefni af því að skilti merkt Hrafnistu Víðinesi voru sett upp við heimilið og við Vesturlandsveg vegfarendum til glöggvunar.

Starfsmenn fóru saman á Jólahaðborð á Loftleiðum þann 22. nóvember og voru mjög ánægðir með matinn sem Ída hin danska sá um.

Árvið adventustund var haldin hátíðleg þann 4. desember þar sem djákni fór með hugvekju og Barnakór Varmárskóla gladdi heimilismenn með söng. Aðstandendur heimilismanna mættu með kökur með kaffinu að venju.

Þann 19. desember heimsótti Gerðubergskórinn Víðines með söng og gleði, síðan var boðið upp á heitt kakó með þeyttum rjóma og jólakökum, ennfremur var kórfélögum færðar smágjafir í þakklætisskyni frá heimilismönnum, sem mæltist vel fyrir.

Jólabingó og fleira skemmtilegt var gert í desember.

Jólatréð var skreytt dagana fyrir jól og hjálpuðust heimilismenn að við skreytinguna undir styrkri stjórn Krístrúnar í iðjunni.

Hátíðleg jólastund var með djákna í desember en djákni, Fjóla Haraldsdóttir, kemur í Víðines vikulega og er með kyrrðarstund, ennfremur heimsækir djákni heimilismenn sérstaklega ef með þarf.

Við andlát heimilismanns er aðstandendum boðið að fá djákna að sjúkrabeði, ennfremur er minningarstund síðar um viðkomandi fyrir annað heimilisfólk, starfsfólk og aðstandendur hins látna sem djákni stýrir.

Messað var að venju á Þorláksmessu kl 11:00, séra Ragnheiður Jónsdóttir frá Mosfellsprestakalli messaði.

Jólaball fyrir börn starfsmanna í Víðinesi var þann 30. desember og tóku heimilismenn og starfsmenn þátt í því og höfðu gaman af. Þór Halldórsson öldrunarlæknir spilaði að venju undir á harmonikku og tveir jólasveinar gæddu börnunum á sælgæti.

Á gamlárskvöld gátu heimilismenn síðan notið þess að horfa á ljósadýrðina þegar flugeldum var skotið upp í Reykjavík og víðar, en stórkostlegt útsýni er til allra átta frá Víðinesi.

Fræðsla og gæðastarf

Áfram er unnið að því að samræma gæðastarf milli Víðiness og hinna Hrafnistuheimilanna.

Hjúkrunarstjórnendur í Víðinesi sóttu fræðsludag á Hótel Heklu fyrir austan fjall þann 23. apríl ásamt öðrum hjúkrunarstjórnendum Hrafnistuheimilanna, ennfremur hafa stjórnendur í Víðinesi sótt aðra skipulaða stjórnendafundi á Hrafnistu í Reykjavík. Starfsmenn í Víðinesi hafa sótt fyrirlestra á LHS- Landakoti sem í boði hafa verið svo og á Hrafnistu, hjá Eflingu, Endurmenntun HÍ og víðar, ennfremur hafa starfsmenn

tekið þátt í vinnuhópum með öðrum starfsmönnum Hrafnistuheimilanna varðandi gæðaverkefni.

Aukin og góð samvinna er milli 1. og 2. hæðar í Víðinesi varðandi fagleg og samræmd vinnubrögð og hafa hjúkrunardeildarstjórar lýst yfir miklum áhuga á áframhaldandi góðri samvinnu.

Áhersla hefur verið lögð á aukna þverfaglega samvinnu með skipulögðum samráðsfundum eftir því sem okkur hefur vaxið ásmegin hvað varðar fjölbreytni í starfsmannaflórinni.

Tölulegar upplýsingar:

Fjöldi rýma

38 hjúkrunarrými eru í Víðinesi.
Alls eru 18 einbýli og 10 tvíbýli.

Fjöldi legudaga

Legudagar árið 2007 voru alls 13.902 (öll frávik innifalin)
Rúmanýting 99.95 %.

- * frávik vegna heimilismaður látin 64 dagar, full daggjöld
- * frávik vegna heimilismaður útskrift 21 dagar, full daggjöld
- * frávik vegna heimilismaðu á spítala 53 dagar, 70% daggjöld greidd.

Innlagnir

Innlagnir voru 15 á árinu, þar af 3 karlar og 12 konur.

Útskriftir

Útskriftir voru 3
Ein kona útskrifaðist á Vífilsstaði og tvær konur útskrifuðst á Hrafnistu Hafnarfirði.

Andlát

13 heimilismenn létust á árinu, 5 karlar og 8 konur.

Aldur heimilismanna

Meðalaldur heimilismanna var 83,15 ár.
Meðalaldur karla var 79,33 ár og
meðalaldur kvenna var 83,87 ár

Skipting milli kynja var þannig að 6 heimilismanna voru karlar og 32 konur.

Á 1. hæð voru 5 karlar og 14 konur

Á 2. hæð voru 1 karl og 18 konur

Á 1. hæð var meðalaldur 82,05 ár
(karlar 77,4 ár, konur 83,71 ár)

Á 2. hæð var meðalaldur 84,26 ár
(einn karl 89 ára, konur 84 ár)

Rai-mat

Rai-stuðull samkvæmt Rai-mati fyrir langt mat
í október 2008 var 0,98

Til samanburðar var Rai-mat fyrir langt mat

0,98 í október 2007

0,98 í október 2006

0,98 í október 2005

0,92 í október 2004

0,96 í október 2003

0,93 í október 2002

0,99 í október 2001.

Hjúkrunarstundir á heimilismann/sólarhring

Reiknaðar hjúkrunarstundir voru 4,47 st./heimilismann/sólarhring.

Inn í líkaninu voru reiknuð stöðugildi hjúkrunarfræðinga (forstöðumaður innifalinn),
sjúkraliða og starfsmanna við aðhlyningu, samkvæmt reiknilíkani frá
Landlæknisembættinu.

Að lokum

Húsið var málað að utan s.l. sumar og mikil bót er að skiltum merktum heimilinu sem
sett voru upp við heimilið og við Vesturlandsveg.

Þess má geta að heimilið á 10 ára starfsafmæli þann 15. apríl 2009.

Borghildur Ragnarsdóttir
forstöðumaður Hrafnistu Víðinesi